



Ársskýrsla 2022-2023

31. maí 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri	4
2. Fjármál og rekstur.....	5
3. Aðstaða og faglegt starf.....	7
4. Miðlun upplýsinga	12
5. Ytra samstarf	13

Inngangur

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) gengu vel á starfsárinu og sýnir ársreikningur 2022 jafnvægi í rekstri.

Eftir að samkomutakmörkunum vegna kórónufaraldursins var alveg aflétt þegar kom fram á árið 2022 jókst eftirspurn eftir vinnuáðstöðu hjá AkAk en nýting á árinu 2022 náði þó ekki sama stigi og var fyrir faraldurinn. Allt bendir þó til að nýting muni færast í fyrra horf.

Auk verkefna sem tengjast fjármálum og rekstri og að auka eftirspurn eftir vinnuáðstöðu, var unnið að því að bæta aðstöðu og þjónustu í húsnæði AkAk, taka nýja vefsíðu í notkun, gefa út kynningarbæklinga um AkAk, og að auka ytra samstarf og miðlun þekkingar út til samfélagsins með fleiri viðburðum fyrir almenning.

Stjórn AkAk þakkar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir samstarfið á starfsárinu og væntir áfram góðs samstarfs.

Akureyri, 31. maí 2023

F. h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Sigurgeir Guðjónsson, formaður

1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Á ársfundi 24. maí 2022 var kosið í stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar en samkvæmt skipulagsskrá kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð úr hópi skráðra fulltrúa, þar af þrjá í stjórn.

Stjórn 2022-2023:

- Sigurgeir Guðjónsson, formaður
- Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
- Steinunn A. Ólafsdóttir, ritari

Fulltrúaráð 2022-2023:

- Gunnar Árnason
- Jakob Þór Kristjánsson
- Jón Hjaltason
- Margrét Guðmundsdóttir

Stjórn fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórnin mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur. Stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfboðavinnu.

Stjórnin hefur haldið níu stjórnarfundi á starfsárinu. Fulltrúar í fulltrúaráði eru upplýstir um alla stjórnarfundi, dagskrármál og gögn, og sitja fundi þegar þeir hafa tök á.

Framkvæmdastjóri í 50% starfi er Aðalheiður Steingrímsdóttir. Hlutverk framkvæmdastjóra er að vera talsmaður stofnunarinnar og annast rekstur hennar og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni og situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

2. Fjármál og rekstur

Markmið stefnu AkAk um fjármál og rekstur er að tryggja öryggi í fjármálum og stöðugleika í rekstri.

Fyrsti samstarfssamningur AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstrarframlag á fjárlögum var gerður árið 2015 en þá var lagður grunnur að stöðugleika í rekstri og starfsemi AkAk. Samningurinn gildi út árið 2017 og eftir það hafa verið gerðir árlegir viðaukar.

AkAk fellur nú undir málefnasvið háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins eins og önnur þekkingarsetur í landinu. Selma Dögg Sigurjónsdóttir var tengiliður ráðuneytisins við AkAk en nú hefur Sigurður Steingrímsson tekið við því hlutverki.

Stjórnin átti tvo fundi með tengiliðum á árinu 2022, þann fyrri í apríl til að kynna AkAk og ræða tengsl AkAk og ráðuneytisins, og þann seinni í júní, til að upplýsa um fyrirhugaðar framkvæmdir í Sunnuhlíð 12, þar sem AkAk er með aðsetur. Í kaflanum um aðstöðu og faglegt starf er fjallað um þessar framkvæmdir.

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar gengu vel á starfsárinu, og sýnir ársreikningur AkAk fyrir árið 2022 jafnvægi í fjármálum og rekstri.

Rekstrartekjur eru 18,1 m.kr., þar af er opinbert framlag 9,7 m.kr., leigutekjur eru 2,6 m.kr. og aðrar rekstrartekjur eru 5,8 m.kr. Í öðrum rekstrartekjum eru félagsgjöld, kr. 64.000, styrkir og önnur framlög, 1,0 m.kr., og aðrar tekjur eru 4,7 m.kr. sem eru komnar til vegna sölu AkAk á sínum hlut í sameign og lóð í Sunnuhlíð 12 til fasteignafélagsins Regins hf. Það félag á meirihluta húsnæðis í Sunnuhlíð 12 og er í forsvari fyrir framkvæmdum í húsinu með samningum við Framkvæmdasýslu ríkisins um að koma norðurstöð heilsugæslunnar á Akureyri fyrir á annarri hæð hússins og í nýrri viðbyggingu við það. Sjá nánar í kaflanum um aðstöðu og faglegt starf.

Rekstrargjöld eru 12,4 m.kr., þar af er verkefnakostnaður 2,6 m.kr., laun og launatengd gjöld 4,6 m.kr., rekstur fasteignar 2,5 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1,9 m.kr., og afskriftir kr. 656.000. Verkefnakostnaður er hærri á árinu 2022 en árið 2021 vegna fleiri viðburða og verkefna. Laun og launatengd gjöld á árinu 2022 eru einnig hærri en árið 2021 sem helgast af því að starfshlutfall framkvæmdastjóra var hækkað í 50%. Rekstur fasteignar er um 100.000 kr. hærri á árinu 2022 en árið 2021, og er helsta skýringin að á árinu 2022 var keyptur ýmiss búnaður, eins og þráðlaus heyrnartól sem innanhúsfólk hefur aðgang að og lofthreinsitæki til að bæta loftgæði í húsnæðinu (gjaldfærð tæki og áhöld) en á móti lækkaði kostnaður við rekstur

sameignar (hússjóður í Sunnuhlíð 12) þar sem fasteignafélagið Reginn hf. tók yfir kostnað við endurnýjun brunakerfis í húsinu sem hafði áður verið deilt niður á alla eigendur í húsinu.

Annar rekstrarkostnaður er um það bil 760.000 kr. hærrí á árinu 2022 en á árinu 2021 og eru helstu skýringarnar kostnaður við vefsíðu og internet, ferðakostnaður og ýmis annar kostnaður. Hærrí ferðakostnaður er vegna þátttöku AkAk í afmælistálfingí ReykjavíkurAkademíunnar sem haldið var í nóvember 2022, og stærstu liðirnir í ýmsum öðrum kostnaði eru annars vegar lögfræðiráðgjöf vegna sölu AkAk á sínum hlut í sameign og lóð til Regins hf. og hins vegar útgáfa á kynningarbæklingi um AkAk, samtals um 400.000 kr.

Í afskriftum, kr. 656.041, eru bæði afskriftir af húsnæði og fjarfundabúnaði en búnaðurinn var keyptur haustið 2022 til að auðvelda innanhúsfólki að stunda nám og önnur störf, óháð staðsetningu. Fjarfundabúnaðurinn er eignafærður undir fastafjármunum sem skrifstofubúnaður og áhöld, ásamt fasteign AkAk í Sunnuhlíð.

Rekstrarafkoma ársins 2022 er jákvæð um 4,3 m.kr. þegar búið er að taka tillit til vaxtatekna og vaxtagjalda.

3. Aðstaða og faglegt starf

Markmið stefnu AkAk um aðstöðu og faglegt starf er að bjóða einstaklingum upp á góða aðstöðu og þjónustu til að vinna að hugðarefnum sínum og að efla félagslega samveru og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.

Húsnæðið í Sunnuhlíð

AkureyrarAkademían keypti skrifstofurými í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12 fyrir sína starfsemi af Díl ehf. bókhaldsþjónustu og var skrifað undir kaupsamning í janúar 2020 og flutt í nýja húsnæðið í lok febrúar. Kaupverð var 25,8 m.kr. og var tekið bankalán að upphæð 20,250 m.kr. til að fjármagna kaupin. Húsnæðið er um 180 fm að stærð og hentar starfsemi AkAk mjög vel. Þegar húsnæðið var keypt samdi fyrrverandi eigandi um að fá að vera áfram í hluta rýmisins en á móti var kaupverð eignarinnar lækkað og var gert ráð fyrir að rýmið yrði losað í febrúar 2021. Fyrrverandi eigandi óskaði síðan eftir því að fá að vera áfram í húsnæðinu en í minna rými en áður og var gengið frá ótímabundnum leigusamningi í febrúar 2021 með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Mánaðarleg leiga Díls ehf. fyrir rýmið er 65.000 kr. Hjá Díl ehf. starfa tveir starfsmenn.

Innanhúsfólk

Í húsnæði AkAk eru vinnupláss fyrir 12 einstaklinga hverju sinni. Hér er aðstaða framkvæmdastjóra ekki talin með eða það rými sem Díll ehf. leigir hjá AkAk. Tvö af 12 vinnuplássum eru ætluð samkvæmt samningi Akureyrarbæjar og AkAk um vinnuaðstöðu fyrir frumkvöðla sem Akureyrarbær greiðir fyrir.

Alls voru 17 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk á árinu 2022 til lengri eða skemmri tíma: Andri Már Þórhallsson, Anna Dúa Kristjánsdóttir, Benedikta Guðrún Svavarsdóttir, Bryndís Fjóla Pétursdóttir, Bryndís Indíana Stefánsdóttir, Daníel Björn Baldursson, Einar Þórir Árnason, Gunnar Árnason, Helga A. Erlingsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Rán Þórarinsdóttir, Sandra Rebekka Ö. Arnarsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Valgerður H. Bjarnadóttir, Þórhallur S. Bjarnason, Þröstur Ásmundsson.

Eins og áður hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum viðfangsefnum: sinnt verkefnum í fjarvinnu, unnið að frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnum, vefsíðugerð, handritsgerð, þýðingum, haft kennslu og námskeið með höndum, unnið að rannsóknum og verið í háskólanámi.

Nýting á útleigðri vinnuaðstöðu 2017-2022¹					
2017	2018	2019	2020	2021	2022
88%	103%	102%	95%	66%	63%

Skýringin á yfir 100% nýtingu fyrir árin 2018 og 2019 er að þá var bætt við tímabundinni vinnuaðstöðu til að mæta aukinni eftirspurn.

Almennt er eftirspurn eftir vinnuaðstöðu talsvert árstíðabundin, hún er mest í janúar og september en oft minni yfir sumarmánuðina. Eftir að flutt var í húsnæðið í Sunnuhlíð í febrúar 2020 dró um tíma úr eftirspurn eftir vinnuaðstöðu og var laus vinnuaðstaða auglýst á miðlum AkAk og einnig í Háskólanum á Akureyri sem hafði þau áhrif að frá hausti 2020 og út það ár voru öll vinnupláss í notkun og einnig var bætt við borði til að koma fleirum að.

Sumarið og haustið 2021 urðu síðan talsverðar breytingar á innanhúshópnum, bæði vegna búferlaflutninga frá Akureyri og einnig var fólk að ljúka sínu námi og verkefnum. Á sama tíma voru áhrifin af kórónufaraldrinum að koma fram í samfélaginu af fullum þunga sem stóðu yfir fram á árið 2022 en þá var öllum samkomutakmörkunum aflétt. Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og mikla upplýsingamiðlun um lausa vinnuaðstöðu fór nýliðun í innanhúshópnum ekki að aukast aftur fyrr en um haustið 2022, og frá þeim tíma og út það ár voru öll vinnupláss komin í notkun.

Breytingar á innanhúshópnum á árinu 2021 og áhrif kórónufaraldursins á því ári og á árinu 2022 eiga því þátt í minni nýtingu á útleigðri vinnuaðstöðu þessi tvö ár miðað við árin á undan.

¹ Tölur um fjölda þeirra sem eru með vinnuaðstöðu hjá AkAk og um nýtingu á vinnuaðstöðu eru miðaðar við almanaksárið hverju sinni en ekki starfsárið sem er á milli ársfunda, og eru ársfundir haldnir í maí.

Yfirlit yfir háskólanema og aðra sem voru með vinnuaðstöðu hjá AkAk árin 2017-2022.²						
	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Háskólanemar:						
Doktorsnemar	5	6	4	3	2	2
Meistararnemar	8	9	12	7	1	2
Grunnnámsnemar				2	7	1
Aðrir:						
Háskólakennarar				1	1	
Nýdóttorar	1	3		3	2	
Sjálfstætt starfandi	4	4	5	4	7	6
Frumkvöðlar					2	4
Störf óháð staðsetningu						2
Samtals	18	22	21	20	22	17

Á þessu árabili hafa nemar í meistaranámi verið flestir þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá AkAk en þar á eftir koma sjálfstætt starfandi fræðimenn og doktorsnemar. En nýir hópar hafa líka hreiðrað um sig í húsnæði AkAk, eins og fólk sem vinnur að þróun frumkvöðla- og nýsköpunarverkefna sem og þeir sem sinna störfum óháð staðsetningu, og má gera ráð fyrir að þessi þáttur starfseminnar vaxi á næstu árum.

Þeir sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir aðstoð við störf sín en mikilvægt er að geta rætt þau verk sem fengist er við hverju sinni.

Framkvæmdastjóri kemur á framfæri við innanhúsfólk upplýsingum um möguleika á styrkjum og veitir aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Heildarfjöldi skráðra fulltrúa³ AkAk á árinu 2022 var samtals 40, á árinu 2021 var fjöldinn 39 og 28 á árinu 2020.

² Upplýsingar miðast við almanaksárið en ekki starfsárið.

³ Fulltrúi er sá sem greiðir árgjald til AkAk og leigir hluti fulltrúa líka vinnuaðstöðu hjá AkAk.

Aðstaða og innanhústarf

Á haustmisseri var ráðist í að bæta aðstöðu innanhúsfólks til að stunda nám og sinna öðrum verkefnum, óháð staðsetningu, og nýjum búnaði komið fyrir í fundarherberginu. Einnig voru keypt þráðlaus heyrnartól sem innanhúsfólk hefur aðgang að, og lofthreinsitæki til að bæta loftgæði í húsnæðinu.

Einn liður í stefnu AkAk er að gera árlegar kannanir meðal innanhúsfólks þar sem spurt er um viðhorf til aðstöðu og þjónustu hjá AkAk. Markmiðið er að greina starfsemina og að nýta niðurstöður til að bæta hana. Fyrsta viðhorfskönnun af þessu tagi var lögð fyrir í apríl 2022 og var þátttaka um 79%. Könnunin á þessu starfsári var lögð fyrir í byrjun maí og var þátttaka um 68%. Kannanirnar voru framkvæmdar í könnunarkerfinu SurveyMonkey og tryggt var að ekki væri hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda og sami spurningalisti notaður í þeim báðum, en núna var líka bætt við einni opinni spurningu þar sem þátttakendum var gefinn kostur á að koma með skriflegar ábendingar um aðstöðu og þjónustu hjá AkAk. Niðurstöður beggja kannana eru mjög keimlíkar. Þær sýna almenna ánægju með aðstöðu og þjónustu hjá AkAk og þar koma fram gagnlegar upplýsingar um á hvaða sviðum þurfi að skerpa á áherslum, svo sem varðandi ýmis konar búnað.

Löng hefð er fyrir félagslegri samveru og ýmsu samstarfi innanhúsfólks, eins og tiltektardögum, súpufundum, vorferðum og jólaboðum. Á súpufundum hittist fólk í hádeginu og segir frá verkefnum sínum og rætt er um það sem er á döfinni í starfsemi AkAk.

Tiltektardagur var haldinn 10. júní, og lagað til í húsnæðinu eftir veturinn. Farið var í vorferð 29. júní og haldið til Húsvíkur til að heimsækja Þekkingarnet Þingeyinga. Í ágúst var opið hús í tilefni af Akureyrarvöku og bæjarbúum boðið að koma í heimsókn til að kynna sér starfsemina og skoða aðstæður. Á haustmisseri voru haldnir þrjár súpufundir og jólaboð fór fram þann 9. desember.

Á vormisseri voru fjórir súpufundir haldnir og einnig var innanhúsfólki boðið upp á ýmsar kynningar. Gunnar Páll Árnason hjá bókhaldsþjónustunni Díl ehf. kynnti skattareglur um sjálfstætt starfandi einstaklinga, Martina Huhtamäki kennari við háskólann í Helsinki kynnti rannsókn á málslega landslaginu í Sunnuhlíð sem hún vann að hjá AkAk og Friðbjörg Ingimarsdóttir, framkvæmdastjóri Hagþenkis, kynnti félagið og starfsemi þess.

Framkvæmdir í Sunnuhlíð

Frá því í ágúst 2022 hafa verið miklar framkvæmdir í Sunnuhlíð við að koma norðurstöð heilsugæslunnar á Akureyri fyrir á annarri hæð núverandi byggingar og í viðbyggingu sem verið er að reisa til norðurs. Fasteignafélagið Reginn hf. sem á meirihluta húsnæðis í Sunnuhlíð er í forsvari fyrir þessum framkvæmdum með samningum við Framkvæmdasýslu ríkisins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í árslok 2023 og ganga þær í meginatriðum út á að loka alveg á milli fyrstu og annarrar hæðar í núverandi byggingu, reisa nýja viðbyggingu, og að koma starfsmannaaðstöðu heilsugæslunnar fyrir í kjallaranum. Einnig verður farið í gagngerar breytingar á lóð, gangstéttum og bílastæðum. Áfram er gert ráð fyrir blandaðri starfsemi á fyrstu hæðinni, eins og verið hefur.

Áður en framkvæmdir hófust ákváðu aðrir eigendur í Sunnuhlíð 12 að selja Reginn hf. hluta af sameign þeirra og lóð og var gengið frá kaupsamningum í maí. AkAk seldi sinn hluta fyrir 4,7 m.kr. Samningur AkAk og Regins felur líka í sér að Reginn sjái um og greiði kostnað við breytingar í eldhúsinu í húsnæði AkAk sem felast í að dyr verða gerðar út á verönd sem verður samnýtt með öðrum eiganda í húsinu. Verktakinn með framkvæmdunum í Sunnuhlíð 12 gerir ráð fyrir að farið verði í þessar breytingar í sumar.

4. Miðlun upplýsinga

Markmið stefnu AkAk um miðlun upplýsinga er að efla fjölbreytta miðlun um starfsemi AkAk til að auka sýnileika í samfélaginu.

Ný vefsíða

Haustið 2022 var gerður samningur við hugbúnaðarfyrirtækið Stefnu um að hanna nýja vefsíðu fyrir AkAk sem væri aðgengilegri og notendavænni en sú sem hefur verið notuð frá árinu 2015. Nýja vefsíðan var tekin í notkun í byrjun apríl sl. og sér AkAk um ritstjórn vefsíðunnar en Stefna hefur með höndum kerfislega umsjón og aðstoð. Á vefsíðunni er m.a. gagnagrunnur um verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk frá árinu 2006 og um viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir frá sama tíma sem hægt er að fletta upp í með leitarorðum. Gagnagrunnurinn verður uppfærður reglulega með nýjum verkefnum og viðburðum.

Kynningarbæklingar

Í október kom út kynningarbæklingur á íslensku um AkAk og í janúar var bæklingurinn gefinn út á ensku. Bæklingarnir liggja frammi á opinberum stöðum á Akureyri og eru afhentir þeim sem heimsækja AkAk. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri sáu um íslenska textann og leitað var til kennara í MA um að þýða hann á ensku. Kompan hönnun ehf. sá um hönnun og umbrot bæklinganna og Prentsmiðjan.is um prentun. Íslenski bæklingurinn var gefinn út í eitt þúsund eintökum og sá enski í 250 eintökum.

Fréttabréf

Fréttabréfin hófu göngu sína í nóvember 2020, og koma þau út fimm sinnum á ári. Tilgangur fréttabréfanna er að miðla upplýsingum til félaga og samstarfsaðila um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinn hjá AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti. Á milli þess sem fréttabréfin koma út hefur innanhúsfólk skrifað pistla um sjálfvalið efni sem tengist AkAk og birt í svæðismiðlum.

5. Ytra samstarf

Markmið stefnu AkAk um ytra samstarf er að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

Akureyrarbær

Vorið 2021 gerðu Akureyrarbær og AkureyrarAkademían með sér samstarfssamning sem hefur það markmið að styðja við frumkvöðlastarf og um leið starfsemi AkAk með því að bjóða tveimur einstaklingum sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna upp á vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk sem Akureyrarbær greiðir fyrir. Úthlutunartímabil eru tvö á hverju ári, annars vegar frá 1. mars – 31. ágúst og hins vegar frá 1. september – 28. febrúar og er auglýst eftir umsóknum í janúar vegna fyrra tímabilsins og í ágúst vegna þess síðara.

Við mat á umsóknum skal m.a. taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.
- Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.
- Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.

Yfirlit yfir úthlutunartímabil frá hausti 2021 en þá var í fyrsta skipti auglýst eftir umsóknum.

Úthlutunartímabil 1. september 2021 – 28. febrúar 2022: Þrjár umsóknir, einn umsækjandi hætti við, hinir tveir þáðu vinnuaðstöðuna.
Úthlutunartímabil 1. mars 2022 – 31. ágúst 2022: Engar umsóknir þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar.
Úthlutunartímabil 1. september 2022 – 28. febrúar 2023: Ein umsókn og þáði umsækjandi vinnuaðstöðuna.
Úthlutunartímabil 1. mars 2023 til 31. ágúst 2023: Tvær umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuaðstöðuna.

Þó að öll vinnupláss gangi ekki út þá greiðir Akureyrarbær samt sem áður fyrir þau, og eru greiðslur gerðar upp tvisvar á ári. Samningurinn við Akureyrarbæ gildir til 1. maí 2024.

Háskólinn á Akureyri

Núverandi samstarfssamningur AkAk og HA gildir til september 2023. Markmið samningsins er m.a. að efla samstarf milli aðila og stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðipækkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir.

Samkvæmt samningnum sendir AkAk árlega upplýsingar til HA um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk með það fyrir augum að HA geti leitað til þeirra með að taka að sér stundakennslu eða önnur verkefni.

Eftir að samkomutakmörkunum var aflétt vegna kórónuveirunnar þegar kom fram árið 2022 fóru fundir samstarfsaðila aftur af stað.

Á starfsárinu hefur verið unnið að eftirfarandi viðfangsefnum:

- Opinn hádegisfundur um vísindasamfélagið á Akureyri var haldinn þann 17. maí 2022 í HA. Inngangserindi héldu annars vegar Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur um 15 ára rannsóknarsögu AkureyrarAkademíunnar og hins vegar Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, um umhverfi og aðstöðu fyrir rannsóknir og fræðastarf á Akureyri. Eftir erindin fóru fram umræður um hvernig megi efla Akureyri sem eftirsóknarverðan kost fyrir vísinda- og fræðafólk til að starfa að sínum rannsóknum.
- Doktorsnemar í HA komu í heimsókn til AkAk í september 2022 til að kynna sér starfsemina og aðstæður.
- Í febrúar 2023 tilnefndi HA tengilið í samstarfinu við AkAk. Nýi tengiliðurinn heitir Katrín Eiríksdóttir og er hún verkefnastjóri á skrifstofu Hug- og félagsvísindasviðs.
- Stefnt er að því að vera með Þekkingarþing háskóla og þekkingarsetra á Norður- og Austurlandi í HA í október 2023 með það fyrir augum að koma á tengslum og samstarfi.

ReykjavíkúAkademían

Samstarfssamningur AkAk og ReykjavíkúAkademíunnar (RA) gildir til apríl 2024. Markmið samningsins er að efla samstarf milli akademíanna og félaganna með áherslu á samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun, og nýtingu aðstöðu og húsnæðis. Samningurinn felur m.a. í sér að þeir sem leigja vinnuástöðu á hvorum stað fyrir sig geta fengið endurgjaldslaus afnot af vinnuástöðu í hinni akademíunni, allt að einum mánuði.

Á starfsárinu hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum:

- Í byrjun nóvember 2022 hélt RA málþing í fyrirlestrasal Þjóðarþóklöðu í tilefni af 25 ára afmæli sínu undir yfirskriftinni *Sjálfstæðir rannsakendur – umhverfi og áskoranir*. Þrír fulltrúar frá AkAk sóttu málþingið, Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður, Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi í fulltrúaráði og Aðalheiður Steingrímisdóttir, framkvæmdastjóri. Margrét var jafnframt með fyrirlestur á málþinginu, af hálfu AkAk. Á málþinginu var einnig kynnt skýrsla um verk sem fólk hefur unnið að hjá akademíunum en Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti styrk til þessa verkefnis. Daginn eftir var haldinn vinnufundur akademíanna þar sem rætt var um samstarf þeirra.
- Í febrúar 2023 fór fram fundur stjórna akademíanna þar sem rætt var um mögulega aðild akademíanna að IRIS (Icelandic Research Information System) sem er sameiginlegt rannsóknarupplýsingakerfi fyrir allar helstu rannsóknarstofnanir, háskóla og heilbrigðisstofnanir á Íslandi. Í kerfinu eru upplýsingar um rannsóknarverkefni og styrki og allar rannsóknarafurðir rannsakenda, sem og upplýsingar um samstarf milli þeirra. Samtals 10 stofnanir eiga nú aðild að kerfinu og hefur Landsbóksafn Íslands - Háskólabókasafn umsjón með því. Hver stofnun greiðir tiltekið grunngjald sem er jafnt fyrir hverja stofnun og að auki greiðir hver stofnun gjald fyrir hvern starfsmann sem er virkur rannsakandi, það er stundar rannsóknir, birtir og fær styrki úr opinberum samkeppnissjóðum til rannsóknarverkefna. Eftir fundinn tók stjórn AkAk þá ákvörðun að ekki væri tímabært að sækja um aðild að IRIS að sinni en að fylgjast með framvindu kerfisins og að skoða þá aðild síðar. Stjórn RA samþykkti að sækja um aðild að IRIS.
- Í mars 2023 hittust þrettán félagar akademíanna yfir helgi á Hótel Laugarbakka í Miðfirði til þess að kynna og ræða aukna samvinnu, sex frá AkAk og sjö frá RA. Laugardagurinn var notaður til að heimsækja áhugaverða staði, Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi, Þingeyrakirkju, Kolugljúfur í Víðidal, Víðidalstungukirkju og Selasetrið á Hvammstanga. Á sunnudeginum var haldin vinnustofa um aukið samstarf félaga og akademíanna. Þar sköpuðust góðar umræður og fjöldi góðra tillagna kom fram og var samhljómur um að gera þessa helgi að fyrsta árlega fundi akademíanna. Búið er að taka saman skýrslu um vinnufundinn og drög að aðgerðaráætlun um samstarf akademíanna sem verða tekin til umræðu í stjórnnum þeirra.

Viðburðir

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Undanfarin ár hefur verið samstarf á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að bjóða íbúum heimilanna upp á fræðandi og aðgengilega fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni sem eru líka opnir fyrir aðra bæjarbúa. AkAk leitar bæði til félaga sinna um tillögur að fyrirlestrum og líka til einstaklinga utan hópsins.

Í febrúar 2022 úthlutaði Norðurorka hf. styrkjum til samfélagsverkefna og fékk AkAk styrk til að halda fjóra fyrirlestra á árinu 2022 fyrir íbúa heimilanna á Akureyri og aðra bæjarbúa.

- Fyrsti fyrirlesturinn fór fram þann 8. apríl en þá sagði Hörður Geirsson, safnvörður ljósmyndasafns Minjasafnsins á Akureyri, frá ljósmyndasýningu safnsins, *Hér stóð búið*, sem fjallar um þróun matvörobúða og sjoppa á Akureyri og tíðarandann á tímabilinu frá 1930 til 2000.
- Annar fyrirlesturinn var haldinn 28. maí en þá fjallaði Rannveig Karlsdóttir, kennari og þjóðfræðingur, um ævi og störf brautryðjandans og kvenskörungsins Jóninnu Sigurðardóttur (1879-1962) húsmæðrakennara.
- Þriðji fyrirlesturinn fór fram 16. september en þá sagði Valgerður H. Bjarnadóttir, fræðikona og félagi í AkAk, frá bernsku Davíðs Stefánssonar skálds.
- Fjórði fyrirlesturinn var haldinn 21. október en þá greindi Jón Hjaltason, sagnfræðingur og félagi í AkAk, frá hernámsárunum á Akureyri í máli og myndum.

Ekki var hægt að auglýsa fyrsta fyrirlesturinn opinberlega vegna smitvarna á hjúkrunarheimilunum en hinir þrír voru auglýstir sem opnir viðburðir fyrir alla. Fyrirlestrarnir voru ýmist haldnir á Hlíð og Lögmanshlíð og sóttu þá um 170 - 180 gestir.

Í desember 2022 fékk AkAk styrk hjá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA til að vera með fjóra fyrirlestra á árinu 2023 fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa.

- Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn í salnum á Lögmanshlíð 28. apríl en þá sagði Bryndís Fjóra Pétursdóttir, garðyrkjufraeðingur og félagi í AkAk, frá nýsköpunarverkefninu *Huldustígur í Lystigarðinum á Akureyri*, sem hún vinnur að hjá AkAk. Um 30 gestir sóttu fyrirlesturinn.
- Annar fyrirlesturinn fór fram þann 19. maí í salnum á Hlíð en þá fjallaði listakonan Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir – Hadda - um hvernig sauðkindin, og afurðir hennar, hafa nært sköpunarsögu okkar frá upphafi byggðar á Íslandi, og veitt innblástur í verklega og andlega list og handiðinir. Um 60 gestir sóttur fyrirlesturinn.
- Næstu fyrirlestrar verða í september og október á þessu ári.

Viðburðir í tengslum við afmæli Akureyrarbæjar

Í febrúar 2022 fékk AkAk styrk hjá Menningarsjóði Akureyrar til að vera með fjóra viðburði á árinu fyrir bæjarbúa í tengslum við 160 ára afmæli Akureyrarbæjar. Haldnir voru tveir fyrirlestrar, ein söguganga og eitt málþing.

- Fyrsti fyrirlesturinn fór fram 29. apríl í sal Félags eldri borgara á Akureyri við Bugðusíðu, en þá fjallaði dr. Páll Jakob Líndal umhverfissálfræðingur um skipulagsmál. Fyrirlesturinn hét: *Hvers konar þéttbýli viljum við?*
- Annar fyrirlesturinn var haldinn 7. september í sal Félags eldri borgara á Akureyri við Bugðusíðu, en þá sagði Valgerður H. Bjarnadóttir, fræðikona og félagi í AkAk, frá Davíð Stefánssyni skáldi og tengslum hans við Akureyri og fólkið í bænum. Fyrirlesturinn hét: *Þrítugur dæmdur, sextugur heiðraður - Davíð Stefánsson á Akureyri.*
- Boðið var upp á leiðsögn í skólasögustrætó og gönguferð á Akureyrarvöku, 28. ágúst, í samstarfi við Minjasafnið á Akureyri og Strætisvagna Akureyrarbæjar, þar sem fjallað var um menntun og frístundir barna á Akureyri fyrstu 100 árin í sögu bæjarins með áherslu á leikvelli, barnaheimili/leikskóla, smábarnaskóla og barnaskóla.
- Málþing um íslenskufærni innflytjenda var haldið í Hofi, 29. október, með yfirskriftinni: *Fjölmennning á Akureyri: Innflytjendur og íslenskan.* Markmiðið með málþinginu var að hefja samtalið um það sem verið er að gera á Akureyri til að auka færni innflytjenda í íslensku og gera þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu. Dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor Háskólanum á Akureyri, var með inngangserindi, og þar á eftir gerðu fjórir frummælendur frá fræðslukerfinu og aðilum vinnumarkaðarins grein fyrir því sem verið er að gera í þessum málum hér í bænum. Því næst fóru fram umræður í tveimur pallborðum, í fyrra pallborðinu sögðu innflytjendur frá sinni reynslu og í því seinna brugðust frummælendur og fleiri við því sem áður var komið fram, lögðu mat á stöðuna hér í bænum og horfðu fram á veginn. Pallborðsumræðum stýrðu Auður H. Ingólfssdóttir, alþjóðastjórnsmálafræðingur, og Finnur Friðriksson, málfræðingur og dósent Háskólanum á Akureyri. Valgerður H. Bjarnadóttir, fræðikona og félagi í AkAk, var málþingsstjóri.

Um 230 gestir sóttu viðburðina.

Bakarís-fyrirlestrar

Bakarís-fyrirlestrarnir eru samstarfsverkefni AkAk og Brauðgerðarhúss Akureyrar sem er með aðsetur í Sunnuhlíð 12 eins og AkAk. Markmið þeirra er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni. Fyrsti bakarís-fyrirlesturinn fór fram 23. febrúar sl. en þá kynnti dr. Hulda Sædís Bryngeirsdóttir,

hjúkrunarfræðingur og aðjúntkt við Háskólann á Akureyri, niðurstöður doktorsrannsóknar sinnar sem hún varði við HA í lok síðasta árs. Rannsóknin fjallar um þær leiðir sem íslenskar konur hafa farið til að ná að eflast og vaxa (e. post-traumatic growth) eftir að hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi. Um 25 gestir sóttu fyrirlesturinn. Boðið verður upp á fleiri bakarís-fyrirlestra í haust.